

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 14. nóvember 2018
UST201810-076/K.S.J.
10.04.03

Efni: Borgarbyggð - Deiliskipulag breyting - Eskiholt II

Vísað er til erindis Borgarbyggðar er barst 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eskiholts II sem er frístundabyggð. Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að þær breytingar sem um ræðir séu stækkun sumarbústaðasvæðisins til norðurs um 28 lóðir, tvær lóðir hafa verið stækkaðar og þrjár lóðir sameinaðar.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar telst ofangreint landssvæði algróið skv. gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar. Einnig kemur fram í greinargerð og á uppdrætti að birkikjarr vex á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: „*Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*”

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. gróðurvistkortu Náttúrufræðistofnunar er verndargildi upprunalegs birkikjarris hátt og að vistgerðin kjarrskógavist sem er á ofangreindu skipulagssvæði er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Á ofangreindum uppdrætti kemur fram að sumir byggingarreitir og vegstæði eru áætluð að miklu eða öllu leyti á kjarrivöxnu svæði. Að mati Umhverfisstofnunar mun ruðningur á birkikjarrri eins og áætlað er skv. uppdrætti, rýra náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins.

Sérstök vernd skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Auk ofangreindra sjónarmiða þá falla birkiskógar undir ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd. Sbr. b.liður 2. mgr. 61. gr. :“ b. [sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré]. ”

Í 3. mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaust á um það hvað vernd skv. 1. mgr. og 2. mgr. feli í sér. Mælt er fyrir um bann við röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Í tillöggunni er ekki sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á birkikjarri á ofangreindu frístundasvæði, sem nýtur sérstakrar verndar í skilningi náttúruverndarlaga.

Í ljósi framangreinds leggst Umhverfisstofnun gegn röskun birkis á umræddu svæði og að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hagræða lóðum, byggingarreitum og vegstæðum þannig að birkikjarr skerðist ekki.

Umhverfisstofnun lítur ennfremur svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. hvað varðar birkikjarrvist og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækiegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.


Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Niðurstaða

Upprunalegt birkikjarr er mikilvæg vistgerð sem íslensk stjórnvöld hafa markað stefnu um að vernda. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að koma vegstæðum og byggingarreitum þannig fyrir á ofangreindri skipulagstillögu að birkikjarr skerðist ekki. Umhverfisstofnun bendir á að í 6. mgr. 61. gr. er mælt fyrir um að leyfisveitandi sendi

Umhverfisstofnun afrit af útgefnu framkvæmdaleyfi. Miðar ákvæðið að því að tryggja yfirsýn stofnunarinnar yfir heildarástand þeirra náttúrufyrirbæra sem njóta verndar. Þar af leiðandi skal senda stofnuninni afrit af framkvæmdaleyfi fyrir ofangreint svæði og það þarf að fylgja rökstuðningur, ef áætlað er að raska birkikjarri.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur